

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024

Liðið er sjötugasta og fjórða starfsár Jöklarannsóknafélags Íslands. Margt hefur drifið á daga félagsins á starfsárinu en venju samkvæmt eru fundir, fræðsla og ferðir fyrirferðarmestu viðfangsefni félagsins.

UM FÉLAGIÐ

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 28. febrúar 2024 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Tómas Jóhannesson gegndi embætti fundarstjóra. Finnur Pálsson var fundarritari.

Engar tillögur bárust að þessu sinni um kjör nýrra heiðursfélaga. Flutt var skýrsla um starfsemi félagsins á starfsárinu 2023, en hana má nálgast í tímaritinu Jökli. Nína Aradóttir, gjaldkeri, lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Fjárhagsstaða félagsins er almennt góð, helstu tekjustofnar eru félagsgjöld og gistigjöld af útleigu skála. Félagið á trausta bakhjarla, sem studdu m.a. vorferð með rausnarlegum hætti. Einnig hefur gengið vel að afla styrkja til verkefna sem félagið hefur tekið sér fyrir hendur.

Kosning stjórnar og varastjórnar fór fram í samræmi við 4. grein laga félagsins. Stjórnina skipuðu starfsárið 2024; Andri Gunnarsson, formaður, Hrafnhildur Hannesdóttir, Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, Nína Aradóttir, Magnús F. Sigurkarlsson en í vara-stjórn sátu; Sigurrós Arnardóttir, Eyjólfur Magnússon, Sigurður Vignisson og Salka Kolbeinsdóttir.

Kristín Jónsdóttir gekk úr stjórn að þessu sinni og eru henni hér með færðar innilegar þakkir fyrir farsæl störf í þágu félagsins. Nánari upplýsingar um niðurstöður aðalfundarins er að finna í fundargerð, sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins. Nefndir Jöklarannsóknafélags Íslands störfuðu með hefðbundnum hætti. Andri Gunnarsson gegndi embætti formanns rannsóknarnefndar, Eiríkur Örn Jóhannesson veitti skálanefnd forystu, og Sigurður Bergur Vignisson leiddi störf bílanefndar.

Eins og undanfarin ár var Bryndís Brandsdóttir aðalritstjóri Jökuls, tímarits Jöklarannsóknafélagsins. Aðstoðarritstjórar voru Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson. Ritnefnd Jökuls samanstendur af fjölmörgum sjálfboðaliðum, en gerð er nánari grein fyrir henni í hverri útgáfu ritsins. Mörg verk voru einnig unnin bakvið tjöldin, m.a. á heimasíðu Jökuls, nú er búið að bæta við svonefndum DOI númerum á allar greinar Jökuls frá upphafi en slíkt er mikilvægt fyrir rafræna útgáfu og rekjanleika greina.

Í valnefnd sátu Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason en Oddur Sigurðsson óskaði eftir því að gefa eftir sæti sitt í valnefnd og er rétt að þakka honum kærlega fyrir óeigingjarnt starf gegnum árin. Í hans stað gekk Ástvaldur Guðmundsson í nefndina en hann hefur starfað í og með félaginu síðan 1972 svo inn kemur góður maður í nefndina.

Umsjón með félagatali var í höndum Jóhönnu Katrínar Þórhallsdóttur.

Auk þess, leggur fjöldi félagsmanna sitt af mörkum í hinum ýmsu nefndum og starfshópum við undirbúning og framkvæmd verkefna félagsins, þar á meðal við skipulag funda, árshátíðar, ýmissa ferðalaga og vinnu við rekstur og viðhald skála. Þetta er sannarlega kjarninn í félaginu og er öllu þessu fólki færðar innilegar þakkir fyrir óeigingjarnt framlag sitt.

Félagsaðild við áramót 2024 var sem hér segir; heiðursfélagar voru 16, almennir félagar voru 538, fjölskyldufélagar voru 22, námsmenn voru 40, fyrirtæki og stofnanir voru 28. Erlendir áskrifendur eru nokkrir en fer fækkandi. Sala á Jökli til erlendra áskrifenda fer fram í gegnum Bóksölu Stúdenta. Fjöldi félagsmanna jókst um 37 einstaklinga milli ára, og alls töldust 616 einstaklingar til félagsins við árslok 2024.

Fræðsla, fundir og miðlun

Tímarit Jöklafræðisöfnafélagsins, Jökull, kom út í febrúar 2024, 73. árgangur. Þrjár ritrýndar greindar birtust í ritinu en þær fjölluðu um stöðugleika fjallshlíða við Svínafellsjökul, landlíkanafkomu Mýrdalsjökuls frá 1999 og samband óróa á jarðskjálftamælum við jökulhlaup og eldgos í Grímsvötnum. Auk almenns efnis í tímaritinu voru greinar um sporðamælingar, afkomu íslenskra jökla og verkefnið Jöklasýn. Helgi Björnsson tók einnig saman áhugavert efni um Jöklafræðisöknir Hans Ahlmann og samstarfsmanna á öndverðri 20. öld en auk þess má finna ýmislegt félagsefni eins og venja er.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum hélt Páll Einarsson fróðlegt erindi um uppruna skjálftaóróa í Grímsvötnum. Skjálftaórói, það er samfelldur titringur jarðar, fylgir iðulega virkni eldstöðva og getur reynst dýrmætur til vöktunar á slíkri virkni. Með samanburði á óróamælingum á Grímsfjalli í tengslum við nokkur jökulhlaup og eldgos í Grímsvötnum hafa fræðimenn greint þrjár tegundir óróa, sem rekja má til mismunandi ferla í eldstöðinni, þ.e. jökulhlaupa, suðu í jarðhitakerfi og eldgosa. Upptaka af kynningu Páls Einarssonar er aðgengileg á YouTube-rás félagsins en einnig má lesa nánar um rannsóknir Páls á óróa í ritrýndri grein í Jökli 74.

Vorfundur Jöklafræðisöfnafélagsins var haldinn á Bryggjunni Brugghús 9. apríl og bar heitið „Vestfirzk sporðamælingafjölskylda og loftmyndir í tíma og rúmi“. Góð mæting var á fundinn, eða um 50 manns.

Fyrst sagði Ragnar Heiðar Þrastarson sögu jökulsporðamælinga í Reykjarfirði á Hornströndum í 90 ár. En frá því að Jón Eypórsson heimsótti fyrst Reykjarfjörð árið 1931 hefur verið fylgst náið með sporði jökulsins þar, en hann er einn af þremur skriðjökulum sem ganga úr Drangajökli. Frá árinu 1948 hefur sama fjölskyldan mælt sporðinn í Reykjarfirði, en þriðji ættliðurinn tók nýlega við keflinu eða mælistikunni. Ragnar Heiðar sagði sögu þessara mælinga með ljósmyndum og kortum á skemmtilegan hátt.

Því næst tók Joaquín Belart til máls og sagði frá safni loftmynda í vörslu Landmælingar Íslands og hvernig þær nýtast í verkefnum sem tengjast jökla- og eldfjallarannsóknum. Undanfarin misseri hefur verið unnið hörðum höndum að því að skanna eldri myndir

og birta þær á sérstakri loftmyndasjá. Nú telur safnið um 140.000 uppréttar myndir af Íslandi frá árunum 1945 til 2000 en þær geyma mikla sögu um landslagsbreytingar vegna athafna manna og náttúrulegra ferla. Hægt er að skoða myndirnar á heimasíðu Náttúrustofnunar, sem áður var Landmælingar Íslands en ljóst er að hér er á ferðinni mikill fjársjóður.

Laugardaginn 17. ágúst tók JÖRFÍ þátt í að opna vefsíðu sem geymir alþjóðlegan lista yfir 15 valda jökla sem eru horfnir eða eiga stutt eftir af sinni tilveru. Listann má finna á vefsíðunni <https://glaciercasualtylist.rice.edu/> og var settur í loftið undir forystu vísindamanna við Rice háskóla í Houston. Listinn var unninn samkvæmt tilnefningum frá jöklafræðingum og í samráði við World Glacier Monitoring Service. Tugþúsundir jökla hafa horfið á undanföllum áratugum um allan heim og hugmyndin er að bæta jafnt og þétt við listann, fulltrúum þessara horfnu jökla. Að viðburðinum stóðu auk þess Veðurstofa Íslands, Háskóli Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Marvaða og UNESCO, en opnun fór fram í húsnæði Marvaða að Fiskislóð.

Dominic Boyer frá Rice háskóla kynnti vinnuna á bak við listann og þakkaði fyrir framlög allra sem að honum komu. Hrafnhildur Hannesdóttir og Guðfinna Aðalgeirsdóttir fluttu stutt erindi um jöklafræðingar á Íslandi og í heiminum. Því næst tók franskur sendiherrann á Íslandi til máls og flutti fregnir af því að frönsk yfirvöld myndu styðja enn frekar við jöklafræðisöknir á áráðinu 2025-2035, en á vettvangi Sameinuðu þjóðanna verður árið 2025 tileinkað hörfandi jökulum. Fulltrúi íslenskra jökla sem fær þennan vafasama heiður er Hofsjökull Eystri en talið er að hann heyi sitt dauðastríð næstu árin.

Næst var haldið út að Gróttu á Seltjarnarnesi þar sem í tünfæti nýs húss Náttúruminjasafns Íslands, hafði verið útbúinn tímabundinn jöklagrafreitur. Þar voru lesin upp eftirmæli um alla jöklana á listanum. Meðal mælenda voru Oddur Sigurðsson jöklafræðingur, Joaquín M.C. Belart fjarkönnunar-sérfræðingur, Hildigunnur H.H. Thorsteinsson forstjóri Veðurstofu Íslands, Friða Ruiz-Völudóttir framhaldsskólanemi, Gísli Pálsson sagnfræðingur og erlendir framhaldsnemar í jarðvísindum við Háskóla Íslands. Ottó Magnússon, ísskurðarmeistari (htt-

ps://klakastyttur.is/) á heiðurinn af legsteinunum sem vöktu mikla athygli og stóðu uppréttir fram eftir kvöldi, en voru horfnir morguninn eftir.

Fimmtudaginn 5. september var haldi myndabjór-kvöld en atburðurinn var hýstur hjá Veðurstofu Íslands. Sýndar voru myndir og myndbönd úr vorferð félagsins og hið árlega vorferðarmyndband frumsýnt. Hægt er að nálgast myndbandið auka annarra vorferðarmyndbanda á Youtube síðu félagsins.

Fimmtudaginn 3. október fór fram formleg opnun á verkefninu Jöklasýn, Extreme Ice Survey Iceland (EISI) sem er samstarf Jöklarannsóknafélags Íslands og ljósmyndarans James Balog og hefur verið kynnt áður í máli og riti á vegum félagsins. Dagurinn hófst á fræðslugöngu í Skaftafelli í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð og gengið að sjónskífunni sem stendur við Sjórnarnípu. Þrátt fyrir veðurviðvaranir var veðrið með besta móti og skálað var við sjónskífuna og formlegri víglu hennar.

Um kvöldið voru svo haldnar kynningar í húsa- kynnum Glacier Adventure á Hala í Suðursveit. Á Hala mættu um 50 manns og hlýddu á erindi um Jöklarannsóknafélagið og starf þess gegnum árin, helstu mælingar, gamlar ljósmyndir, sporðamælingar og sögu og þróun verkefnisins Jöklasýnar.

Árshátíð JÖRFÍ var haldin 16. nóvember. Fordrykkur var í boði Veðurstofu Íslands á Vagnhöfða en rúta frá góðvinum félagsins, Guðmundi Jónasyni hópferðabílum, flutti hópinn í flottan sal hjá Ægi Brugghúsi í Hafnarfirði. Undanfarin ár hefur verið góð ásókn í árshátíðina og engin breyting var þar á þetta árið, tæplega 100 manns mættu og skemmtu sér saman. Boðið var upp á myndasýningar, spurningakeppni, söngstund, glæsilegt undirspil í fordrykk og svo hélt plötusnúður uppi stuðinu fram á nóttina. Ekki hefur heyrst annað en allir hafið farið sáttir heim.

Miðvikudaginn 20. nóvember var haldinn haustfundur. Hann bar ekki formlegt heiti en fjallaði meðal annars um starf Helga Björnssonar í þágu jöklarannsóknar gegnum tíðina. Eins og áður hefur komið fram gerði Alþjóðlega jöklarannsóknafélagið Helga að heiðursfélaga sínum. Finnur Pálson, einn nánasti samstarfsfélagi Helga gegnum tíðina tók saman efni og leiddi okkur í gegnum sögu hans í máli og myndum.

Eftir hlé var myndin „The Last Ice Age“ sýnd en hún er eftir Adam Loften og Emmanuel Vaughan-Lee sem báðir hafa m.a. verið tilnefndir til Emmy verðlauna. Myndin á erindi við Jöklarannsóknafélagið þar sem hópurinn sem gerði myndina slóst í fór með Vorferðarhópnum árið 2022 og tók upp mikið af efni sem er í myndinni í vorferð og m.a. er rætt við félagsfólk í myndinni. Andri Snær Magnason er söguhetja myndarinnar en hún fjallar að miklu leiti um loftslagsbreytingar og hvernig okkar stóru risar, jöklarinnir, láta á sjá vegna þeirra.

Sagnameistarinn Andri Snær Magnason orðar það vel, og líkir gjarnan loftslagsbreytingum við svarthol, við skiljum ekki með því að horfa beint í miðju svart-holsins, heldur með því að skoða jaðrana. Á ferðalagi, þar sem hann fetaði í fótspor árlegrar vorferðar forfeðra sinna að Vatnajökli, leitaði Andri að sögunum sem búa á mörkum loftlagskreppunnar, bæði í vísindalegum gögnum og í minningum fjölskyldu sinnar. Með syni sínum, Hlyni, horfði hann á óhjákvæmilegt hrönnunarskeið stærsta jökuls Evrópu og dró í senn ástþræði fortíðar og framtíðar saman, í þeirri viðleitni að skilja hvað þær miklu breytingar, sem hann hefur sjálfur orðið vitni að á einni mannsævi, muni þýða fyrir framtíð jarðar.

JÖKLARANNSÓKNIR

Á árinu var Helgi Björnsson jöklafræðingur gerður að heiðursfélaga í Alþjóðlega jöklarannsóknarfélaginu (e. International Glaciological Society, IGS), fyrstur Íslendinga. Þetta eru ein helstu verðlaunin sem IGS veitir en aðeins fáir hafa hlotið þau gegnum tíðina. Verðlaunin hljóta einstaklingar fyrir framúrskarandi framlag til jöklafræða á sínum ferli, hvort sem er á landsvísu eða alþjóðlega.

Helgi leiddi rannsóknarstarf á íslenskum jöklum í marga áratugi, var hvatamaður að vöktun afkomu og orkuskiptum við yfirborð jökla, verkefni sem enn eru unnin í dag á þeim grunni sem Helgi byggði upp. Helgi leiddi einnig rannsóknir á jökulhlaupum, botnkortagerð auk fjölda annarra rannsóknarverkefna tengdum jöklum.

Segja má að Helgi sé okkar eigin David Attenborough, enda hefur hann ritað vísindagreinar, skýrslur, bækur auk annarrar miðlunar til að fræða alla hópa

samfélagsins, unga sem aldna, um þau undur sem jöklar eru og hafa að geyma.

Helgi var formaður JÖRFÍ í níu ár, frá 1989 til 1998, þegar Magnús Tumi tók við. Helgi var ritstjóri Jökuls, tímarits Jöklarannsóknafélagsins en auk þess hefur hann setið í ritstjórn tímaritsins um langt skeið. Helgi var einnig mjög virkur í starfi IGS, sat í stjórn IGS 1978–1981, 1984 og 1990–1993 og varaformaður 1999–2001. Helgi lét af störfum við Jarðvísindastofnun Háskólans 2012, en hefur verið virkur í jökla-tengdum málum síðan.

Á ráðstefnu IGS á Hellissandi í október var farið yfir feril Helga og hans umfangsmikla framlag til jöklarannsókna á Íslandi. Á haustfundi JÖRFÍ í haust var einnig farið í gegnum feril Helga en upptöku af þeim fundi má finna á miðlum félagsins.

Stór áfangi náðist í verkefninu Jöklasýn þegar tvær sjónskífur voru reistar við sunnanverðan Vatnajökul undir miðjan Júní. Önnur þeirra er staðsett á Sjórnarnípu á Skaftafellsheiði, með víðsýni yfir Skaftafellsjökul, en hin stendur skammt frá veginum upp í Jöklasel, norðan við Þormóðarhnútu, með útsýni yfir Skálafellsjökul.

Sjónskífurnar eru útbúnar einföldu yfirlitskorti af jöklinum, þar sem sjá má útlínur hans á mismunandi tímum. Þar er jafnframt sérstakt statíf, þar sem sími er lagður í ákveðna stöðu, þannig að tekið sé mynd frá nákvæmlega sama sjónarhorni í hvert sinn. Á skífurnar eru einnig rist hvatningarorð eftir Andra Snæ Magnason, sem vekja athygli á þeim miklu breytingum sem hafa orðið á jöklum landsins og eiga sér enn stað, bæði hér á landi og um allan heim.

Sjónskífurnar eru sannkölluð listasmíð, steyptar úr brönsi af Málmsteypunni Hellu, og prýða þær nú þessar lykil staðsetningar. Samhliða uppsetningu þeirra voru jafnframt sett upp upplýsingaskilti með samanburðarmyndum af jöklunum og leiðbeiningum um hvernig gestir geta lagt sitt af mörkum til verkefnisins.

Fjórða árið í röð, allt frá 2021, tók Jöklarannsóknafélagið þátt í Jöklaflöstudegi með Sjóklæðagerðinni 66° Norður. Fjórdungur af allri sölu á þessum tiltekna degi renna til félagsins, til verkefna að okkar eigin vali. Gegnum tíðina hafa verkefnir verið ýmsleg en nú er stefnt á að nýta styrkinn til miðlunar

og fræðslu vegna árs jökla, en árið 2025 hefur verið tileinkað jöklum á alþjóðavísu.

Að venju fóru fram reglubundnar mælingar á afkomu á helstu jöklum landsins en þau verkefni leiða Jarðvísindastofnun Háskólans, Landsvirkjun, Veðurstofa Íslands og Jöklarannsóknafélagið. Auk hefðbundinna afkomumælingar var unnið að endurgerð á botnkorti Hofsjökuls en verkefnið er hluti af stærra verkefni um endurkortlagningu botn helstu jökla landsins. Kortlagning botns jökla er verkefni sem margir félagar í Jörfí hafa komið að í gegnum tíðina og sennilega ekki gerlegt á sínum tíma nema fyrir aðstoð og framlag þess góða hóps.

SKÁLAR OG BÍLAR

Skálanefnd sat ekki auðum höndum á árinu. Föstum liðum var sinnt eins og fyrri ár, viðhald og þjónusta við skála félagsins. Í Jökulheimum má helst nefna að nýr pallur hefur risið við nýja skálann þar sem hægt er að sitja og njóta morgunkaffisins og grilla á kvöldin. Þunginn í pallasmíðinni var leiddur af heldri deild skálanefndar. Sólþallinn í Jökulheimum prýða einnig ný húsgögn sem tryggilega eru boltuð niður til að þrauka erfið veður en þau voru gefin af Alla Ingimars og Eddu, konu hans. Einnig er búið að mæla og dytta að öðru smálegu eins og tilfallandi er.

Annað stórt verk var unnið á árinu en nýr kamar var smíðaður til að setja í Kverkfjöll. Kamarinn er smíðaður að fyrirmynd þess kamars sem bætt var við í Esjufjöllum fyrir nokkrum árum og hefur aukið á gæði þeirra sem sækja Esjufjöll heim. Kamarsmíðin í Kverkfjöllum var leidd af yngri deild skálanefndar en húsið var smíðað á Vagnhöfða hjá Veðurstofu Íslands. Til stóð að flytja húsið og setja það upp samhliða vorferð á Vatnajökul en tafir á brottför urðu þess valdandi að ekki var unnt að ljúka verkinu í fyrra. Til stendur að flytja og setja upp kamarinn á árinu 2025.

Einnig hefur verið gangur í viðhaldi Kirkjuból, skála félagsins við Fjallkirkju, en öflugir ungliðar í Björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ hafa tekið skálann í föstur og þarfa uppgerð. Til framtíðar má huga að því hvort að tækifæri sé til að setja upp kamar við skálann og auka þar með notagildi hans.

Nú er rúmt ár síðan ný rafstöð í samstarfi Neyðarlínu, Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar, Landsvirkjunar og Jöklarannsóknafélagsins var tekin í notk-

un og má segja að heilt yfir hafi verkefnið tekist mjög vel. Mun minni eldsneytiseyðsla er nú á fjallinu en árin áður sem sparar kostnað og tilstand við flutning, að ótöldu kolefnissporinu. Að öðrum ólöstuðum má þakka Hlyni Skagfjörð fyrir eljusemi í að láta þetta verkefni ganga upp. Hver er ekki kátur með það að vera vakinn kl. 7 að morgni á Grímsfjalli með kalli í Tetra úr Reykjavík að lesa þurfi af mælunum.

Bílahópur félagsins tryggði að nýleg bifreið félagsins, Langjökull, sló ekki feilpúst á árinu. Eðlilegu viðhaldi og þjónustu var sinnt, en segja má að tækið sé í mjög góðu standi. Bílinn fór í margar ferðir, afkomuferð á Mýrdalsjökul, vorferð á Vatnajökul, uppsetningarferð á sjónskífum og ýmsar skálaheimsóknir. Bílinn hefur sannað gildi sitt sem afbragðs bifreið til jökla og hálendisferða.

FERÐIR

„Nú er ég kominn heim úr opinberri heimsókn í Grímsvatnahrepp, ef svo má segja“, mátti lesa á heimasíðu forseta Íslands í apríl síðastliðnum. Forsetinn heldur áfram og segir: „Hálendi Íslands er fjársjóður, falinn hverri kynslóð til varðveislu. Ósnortin víðerni næra líkama og sál og fagurt er á fjöllum. Þá eru jöklar okkar magnþrungnir. Um leið eru þeir forðabúr virkjana og unnt er að nýta vatnsafl á sjálfbærnan máta og umhverfisvænan þegar vel er að verki að staðið.“

Þetta þekkjum við félagsfólk í JÖRFÍ vel og tökum undir með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands en hópur fólks, flestir meðlimir í Jöklarannsóknafélagi Íslands, fóru með honum í ferð í slóðir félagsins. Gist var í Jökulheimum, skála félagsins í Tungnaárbotnum, en einnig haldið í hús félagsins á Grímsfjalli. Forsetinn kynnti sér sögu félagsins, ferðir ökutækja á hálendi Íslands og um jökla. Þá fræddi Guðfinna Aðalgeirsdóttir, stjórnarmaður í Jöklarannsóknafélaginu og prófessor í jarðeðlisfræði við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands, hópinn um eldvirkni undir Grímsvötnum og víðar á Vatnajökli. Þetta var ekki síðasta opinbera heimsókn forsetans áður en hann lét af embætti í ágúst, en sennilega erum við öll sammála um að þetta sé sú merkilegasta.

Pann 19. maí fór hópur félagsfólks til afkomumælinga á Mýrdalsjökul. Ferðin gekk vel í yndislegu

veðri þar sem sumur unnið við afkomumælingar, sumur skíðuðu og renndu sér á sleða, aðrir þrjónuðu en allir enduðu á því að fá sér grillaðar pylsur. Hinar hefðbundnu afkomuholur voru boraðar innan öskju Kötlu og ein veðurstöð sett upp. Í för var einnig vísindafólk sem gerði hljóðupptökur. Alls voru 27 manns í ferðinni, nokkrir bílar og nokkrir sleðar. Vitjun mælistöðvar að hausti var farinn 22. október og allar mælistikur fundust en einnig var ketill sem hljóp úr og skilaði stóru hlaupi niður Sandfellsjökul og í ána Skálm skoðaður.

Vorferð Jöklarannsóknafélags Íslands var farin dagana 8.–14. júní síðastliðinn. Upphaflega stóð til að leggja af stað 31. maí og dvelja á jökli til 7. júní, en vegna ítrekaðra veðurviðvarana varð nauðsynlegt að fresta ferðinni. Loks var haldið af stað og farið um Skálafellsjökul, en á leið austur var viðkoma gerð í Skaftárstofu Vatnajökulspjóðgarðs, þar sem litið var inn á sýningu þjóðgarðsins um starfsemi félagsins.

Veður var hið ákjósanlegasta alla ferðina. Fyrstu fjóra dagana skein sólin í heiði yfir öllum jöklinum, en síðari hluti ferðarinnar einkenndist af tveimur hálfum dögum með heldur lakara veðri. Slík veðurbliða gerði kleift að sinna öllum fyrirhuguðum verkefnum víðs vegar um jökulinn, frá Hamrinum í vestri til Kverkfjalla í norðri, austur til Goðahnjúka og umhverfis öll helstu svæði þar á milli.

Hefðbundin rannsóknarstörf voru unnin, svo sem afkomuboranir á Grímsvötnum, Kverkfjöllum og í Bárðarbungu, auk viðhalds og eftirlits með mælitækjum, m.a. veðurstöðvum, jarðskjálftamælum og GPS-tækjum sem Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans og Landsvirkjun halda úti á jöklinum.

Snjókjarnar voru teknir til plastsýnatöku í vegna rannsóknar við Háskólann í Reykjavík, og gerðar voru drónamyndatökur af Grímsfjalli til jarðfræðikortlagningar. Gasmælingar fóru fram í sigkötum Bárðarbungu og á Saltaranum, og ljósmyndastatíf var sett upp í þágu Jöklasýnar, ljósmyndaverkefni félagsins. Þá voru nokkrar sögulegar ljósmyndir endurteknar, meðal annars úr vorferðum á sjötta og sjöunda áratugnum.

Á vegum Landmælinga Íslands voru sett upp viðmiðunarkerki á jökulskerjum víða um jökulinn, en þau munu nýtast við væntanlega loftmyndatöku lands-

ins, er framundan er. Íssjarmælingar voru ómissandi hluti ferðarinnar, og gerðar mælingar við útfall Grímsvatna og á Bárðarbungu, með það að markmiði að auka skilning á för vatns undir jöklinum á þessum svæðum.

Á Grímsfjalli var unnið að ýmsum verkefnum, meðal annars áfyllingu eldsneytis, tæmingu Valda-botna, snjóhreinsun og almennu viðhaldi. Hreinsað var í og við hús, auk þess sem viðhald var unnið á veðurstöð fjallsins. Jafnframt voru teknar málsetningar af brotnum rúðum og öðrum viðgerðarverkefnum í því skyni að undirbúa viðhaldsferð á fjallið síðar um sumarið.

Vegna þeirra breytinga sem þurfti að gera á ferðatilhögun fór hluti hópsins heim á leið að fjórum dögum loknum en hluti hópsins dvaldi allan tímann. Engin stóráföll eða bilanir áttu sér stað, utan við hefðbundið jöklabras, en vorferð væri ekki vorferð, nema eitthvað þyrfti að brasa. Yngri kynslóðin kom sterk inn í ferðina og gekk meira og minna í öll hlutverk.

Jöklarannsóknafélag Íslands efndi til sumarferðar helgina 28.–30. júní. Stefnan var tekin á Þakgil, þar sem farið var í gönguferð að Huldujökli. Einnig gafst tækifæri til að fara styttri gönguleiðir á svæðinu, auk þess sem þar voru skemmtilegar hjólaleiðir fyrir þá sem kusu þann ferðamáta. Sameiginlegt grill var haldið á laugardagskvöldinu, þar sem þátttakendur komu saman til að njóta góðrar máltíðar og samveru.

Sunnudaginn 18. ágúst var farin hópferð á vegum JÖRFÍ, Ferðafélags Íslands (FÍ) og Rice háskóla á Ok, til þess að minnst þess að fimm ár eru liðin frá því að minningarskildi var komið fyrir á fjallinu. Boðið var upp á rútuferð upp á Kaldadal, en þar bættust við fleiri þátttakendur sem komu á eigin vegum. Oddur Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Andri Snær Magnason, Cymene Howe, Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Hilmar Malmquist leiddu þátttakendur í allan sannleika um áhrif hlýnandi loftslags á jökla, hvernig líf kviknar í vötnum þegar jöklar hörfa og mikilvægi þess að leiða saman ólíka hópa til þess að miðla fróðleik um jökla á hverfanda hveli. Fararstjórar FÍ héldu vel utan um hópinn sem lét sig hafa það að ganga á fjallið í stífri norðanátt með takmarkað útsýni og snjófjúk.

SAMANTEKT

Heilt yfir má segja að starf félagsins hafi verið mikið og gott á árinu. Góð blanda er að verða í virkum félagahópi, með öflugri innspýtingu af nýju og ungu fólki sem gefur efri deildinni lítið eftir.

Á næstu misserum má velta því upp hvort að félagið ætti að taka sér fyrir hendur að móta hlutverk sitt í takt við breytta tíma en ýmislegt má ræða og jafnvel breyta eða þróa, án þess að beygja frá þeim upphaflegu grunngildum sem félagið hefur alla tíð starfað eftir.

Ljóst er að til framtíðar munu og eru samfélagsmiðlar og rafræn miðlun efnis og fróðleiks í mikilli sókn og má líta á það sem ákveðin sóknarfæri fyrir Jöklarannsóknafélagið til að segja frá sínum verkefnum og boðskap jökla.

Annað dæmi má nefna en á einhverjum tímapunkti í náninni framtíð þarf að taka afstöðu til þess hvað skal gera við skálann á Breiðá. Þetta er fyrsti skáli félagsins en er nánast ónotaður og stendur líklegast aðeins á málningunni einni saman. Skáli sem ekki fær viðhald eða heimsóknir er ekki félaginu til mikillar prýði og ljóst að tími ákvarðana nálgast. Því vil ég hvetja þau sem hér sitja og hlusta til að opna hugann varðandi framtíðarlausnir Breiðár, hvort sem það er að endurnýja skálann í fimm stjörnu hóteli eða rífa hann, þá eiga allar hugmyndir hljómgrunn á þessu stigi málsins. Búið er að skreyta skálann að innan með ýmsu veggjakroti og teikningum en ein setning rituð á vegg hans er lýsandi: „If you think it is a good idea to stay here in January, you are wrong!“ Ef til vill lýsir þetta með ágætum gæðum þessa forna þjóns í dag.

Margt gott er framundan á komandi starfsári, 75 ára afmælisári félagsins. Brot af þeirri dagskrá má sjá hér uppi á skjánum og hvetjum við alla til að taka þátt.

Eins og alltaf, þá er félagið ekkert ef ekki er fyrir öflugt gott fólk sem er tilbúið að gefa tíma sinn í þágu þess, hvort sem er til viðhalds og þjónustu á skálum, akstur tækja og tóla í ferðum, undirbúningur funda og erinda, að taka við félagaskráningum, lesa greinar, setja efni á netið, skanna myndir eða hvaða verkefni sem unnið er. Við allt þetta fólk, vill ég, fyrir hönd stjórnar félagsins segja kærar þakkir.

*F.h. stjórnar JÖRFÍ 2024
Andri Gunnarsson, formaður.*